

Tónmennt 7

Markmið með þessari lotu er að:

Nemendur þjálfist í að syngja í hóp, læri lög og ljóð, þjálfu taktskyn og virka hlustun. Einnig í notkun skólahljóðfæra, að semja tónlist og tjá sig með viðeigandi hugtökum um tónlist.

Námsgögn sem við notum:

Hljóðupptökur, myndbönd, sönglög, hljóðfæri, spjaldtölvur og forrit.

Kennsluhættir í lotunni:

Tónlistariðkun, hlustun, sköpun, tjáning, bein kennsla, jafningjafræðsla, undirbúningur Menningarvöku, hreyfing og dans.

Námsmat:

Endurgjöf í kennslustundum, símat, gátlistar. Mikil áhersla á þátttöku í verkefnum hvers tíma.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

List- og verkgreinar sameiginleg fyrir 5.-7. bekk

- Framvinda

List- og verkgreinar sameiginleg fyrir 5.-7. bekk - Menningarläsi

- Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans.
- Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
- Beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir.
- Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði.
- Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.

Tónmennt fyrir 5.- 7. bekk - Tónmennt

- Greint og valið hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun.
- Tekið þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur og skrásett það.
- Greint og að einhverju marki metið og endurskoðað eigin sköpunarverk og skólasystkina sinna í tónlist af sanngirni.
- Beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra.
- Notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk.